Ingólfur Baldvinsson (1912-2000), bóndi á Naustum, við Akureyri

2013/74

Ingólfur fæddist að Hálsi í Öxnadal 20. janúar 1912. Foreldar hans voru Helga Guðbjörg Sveinsdóttir f. 9.9.1885, d. 21.10.1924 og Baldvin Sigurðsson f.5.8.1872, d. 29.7.1942. Hann átti 5 systur og 4 bræður.

Fyrstu ár Ingólfs bjó fjölskyldan á ýmsum bæjum í Öxnadal en lengst af á Hálsi. Árið 1920 fluttu þau að Höfða við Akureyri.

Ingólfur var bóndi að Naustum III við Akureyri og rak þar bú ásamt bróður sínum Sveini. Hann hafði verið ráðinn eftir fermingu sem vinnumaður á Naustum hjá frændfólki sínu og tók að lokum við búinu ásamt Sveini.

Seinustu árin bjuggu Ingólfur og Sveinn í Lindarsíðu 4.

Með búskapnum vann hann oft á bryggjunni við skipakomur. Hann vann hjá Vatnsveitu Akureyrar í nokkur ár þegar búskapurinn var orðinn minni.

Ingólfur las mikið og þótti barngóður.

Hann lést 12. október 2000.

Ingólfur var jarðsunginn frá Akureyrarkirkju 19. október sama ár.

Afhendingin barst frá Herði Geirssyni á Minjasafninu á Akureyri. Þetta er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
6. júlí 2026

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
				2013 / 74
A-Ingólfur Baldvinsson				
A-Ingólfur Baldvinsson				**1941 - 1947**
A	1	1	1941 - 1947	Dagbók frá 1.1.1941 til 19.2.1947.